

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Dagskrá fundar:

1. Framvinda vinnu/Tímarammi verkefna
2. Tillögur að helstu áherslum í stjórnunarverndaráætlun.
3. Umræða um: **a)** Mörk **b)** Innviði (gáttir, rekstrarsvæði, þjónustumiðstöðvar, svæðaskiptingu) **c)** Verndarflokka.

1. Framvinda vinnu/Tímarammi verkefna

Ráðgjöf varðandi:


- Fyrstu drög að þjóðgarðsmörkum – Náttúrufræðistofnun/Landmælingar
- Verndarflokkagreining (útfærsla IUCN flokkanna inn á kortið) – Ráðgjöf

Fundir:

- Byggðaráð Borgarbyggðar
- Ferðaklúbburinn 4x4
- Landvarðafélagið

1. Framvinda vinnu/Tímarammi verkefna

- 1 Tækifæragr. og áherslur í atv.st
- 2 Skilgreining á mörkum
- 3 Skipt. landsvæða í verndarflokka
- 4 Aðkomuleiðir, þjónmiðst., svæðaskipt. rekstrarsvæði
- 5 Áherslur í stjórn.- og verndaráætlun
- 6 Fjármögnun
- 7 Tillaga að lagafrumvarpi



2. Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

81. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Stofnunin getur falið hæfum aðilum að annast undirbúning eða gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun og skal gerður um það samningur þar sem m.a. er kveðið nánar á um umfang verkefnisins og greiðslur fyrir það.

Tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun skal liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í [stjórnunar- og verndaráætlun svo og reglur um önnur atriði er greinir í IV. kafla.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir við hana hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunin er háð staðfestingu ráðherra og skal staðfesting og gildistaka áætlunarinnar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal endurskoða eftir því sem tilefni er til.



Frh.

Stjórnunar – og verndaráætlun er:

- Leiðarljós fyrir þá sem stýra svæðinu
- Inniheldur upplýsingar um þær skuldbindingar sem felast í vernd svæðisins
- Inniheldur upplýsingar um stjórnun/nýtingu/vernd þeirra náttúrugaða sem eru á svæðinu
- Leiðarljós fyrir þá sem vilja vera með starfsemi í svæðinu og þá sem þurfa samþykki fyrir hvers konar athöfnum á svæðinu
- Inniheldur mælikvarða sem aðstoða við að fylgjast með að áætluninni sé fylgt
- Helsta tækið sem starfsmenn á svæðinu hafa til að vinna eftir

Helstu atriði sem komið hafa fram á samráðsfundum nefndar:

- **Dreifstýring/vald heimamanna**
- **Samstarf við heimaaðila**
- **Nytjaréttur á hálendinu**
- **Aðgengi, almannaréttur**
- **Samgöngur um hálendi**
- **Vernd náttúru svæðisins**

3. Umræða um: **a)** Mörk **b)** Innviði (gáttir, rekstrarsvæði, þjónustumiðstöðvar, svæðaskiptingu) **c)** Verndarflokka.

a) Óska eftir ráðgjöf um þekjur/heildir á svæðinu m.t.t. bókunar nefndar:


Farið var yfir kort af útfærslum af mörkum sem m.a. miðað við: 1. Mörk svæðisskipulags miðhálandis 2. Mörk þjóðlendna innan miðhálandislínunnar og 3. Mörk þjóðlenda, friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasrá á miðhálandinu.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum: Nefnd tók ákvörðun um að vinna frekar með þessar útfærslur, sem gera ráð fyrir einni skipulagsheild og fela formanni og verkefnisstjóra að vinna nánar með þær fyrir næsta fund nefndar, 6. nóvember næstkomandi.

b) Skoða þessi atriði m.t.t. Sjónarmiða sem komið hafa fram á samráðsfundum auk þeirra innviða sem fyrir eru á miðhálandinu.



Frh.



c) Óska eftir ráðgjöf um hvernig áherslur um skiptingu landssvæða í verndarflokka innan þjóðgarðsins eiga að vera m.t.t. verndarflokka IUCN og íslenskra friðlýsingarflokka.



Næsti fundur?

